

**Nd.**

**549. Frumvarp til laga**

um húsmæðrafræðslu.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

**I. KAFLI**

**Húsmæðraskólar, markmið þeirra og skipulag.**

**1. gr.**

Markmið húsmæðraskóla er það að veita konum nauðsynlegan undirbúning undir venjuleg heimilisstörf, heimilisstjórn og barnauppeldi.

## 2. gr.

Til stofnunar húsmæðraskóla þarf:

1. Tillögu hlutaðeigandi fræðsluráðs eða fræðsluráða, þar sem jafnframt sé bent á skólastað.
2. Umsögn hlutaðeigandi kvenfélagasambands eða sambanda.
3. Samþykki hlutaðeigandi kaupstaðar, sýslufélags eða sýslufélaga.
4. Samþykki fræðslumálastjórnar á skólastað og uppdrætti að skólahúsi.
5. Fjárveiting Alþingis til stofnunar skólans.

## 3. gr.

Hver skóli skal vera 1 ársdeild, er starfar 9 mánuði hið minnsta. Þó er heimilt að stytta námstímam um 1 mánuð í þeim kaupstaðarskólum, sem geta ekki komið við garðyrkjunámi né hirðingu húsdýra og búsafurða.

Skólanefnd getur með samþykki fræðslumálastjórnar ákveðið, að skóli starfi í 2 ársdeildum.

## 4. gr.

Hverjum skóla stjórnar skólanefnd, skipuð sem hér segir:

Þar, sem kaupstaður eða 1 sýsla stendur að skóla, kýs bæjarstjórn eða sýslunefnd 2 nefndarmenn hlutbundinni kosningu á 1. fundi eftir kosningar. Ef 2 eða fleiri sýslur standa að sama skóla, kýs hver sýslunefnd 1 nefndarmann.

Kvenfélagasamband hlutaðeigandi kaupstaðar eða sýslu, sem hefur húsmæðrafræðslu á stefnuskrá sinni, kýs jafnmarga menn til sama tíma.

Fræðslumálastjórn skipar formann nefndarinnar.

## 5. gr.

Skólanefnd hefur eftirlit með hverjum húsmæðraskóla, undir umsjón fræðslumálastjórnar. Verkefni hennar er einkum:

- a. að sjá um, að fullnægjandi húsnæði sé fyrir hendi til skólahalds;
- b. að láta auglýsa lausar kennara- og skólastjórstöður og leitast við, ásamt fræðslumálastjórn, að fá hæfa menn í þær;
- c. að ráða skólastjóra og kennara úr hópi umsækjenda. Þó þarf samþykki fræðslumálastjórnar um ráðning þeirra;
- d. að sjá um, að skólinn hafi fullnægjandi kennslutæki og að þeim og öðrum munum skólans og skólahúsi sé haldið við á fullnægjandi hátt;
- e. að annast fjárreiður skólans og gera áætlun um kostnað við skólahaldið fyrir hvert reikningsár hlutaðeigandi sveitarfélags, og senda hana í tæka tíð hlutaðeigandi sveitarstjórn og fræðslumálastjórn.

Verði ágreiningur milli sveitarstjórnar og skólanefndar um fjárframlög til skólahalds, sker fræðslumálastjórn úr.

Hlutverk skólanefndar skal nánar ákveðið í reglugerð og erindisbréfi, er fræðslumálastjórn setur.

## II. KAFLI

### Fjármál.

## 6. gr.

Hlutaðeigandi sveitarfélag leggur skólanum til ókeypis nægilegt land til starfsemi hans að dómi fræðslumálastjórnar.

## 7. gr.

Ríkissjóður greiðir allt að  $\frac{3}{4}$  stofnkostnaðar, en  $\frac{1}{4}$  greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélögum. Ef 2 eða fleiri sveitarfélög — eða hlutar úr þeim — standa að byggingu húsmæðraskóla, skiptist stofnkostnaðurinn á milli þeirra í réttu hlutfalli

við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna eftir meðaltali 5 síðustu ára. Nauðsynlegur húsbúnaður og áhöld teljast til stofnkostnaðar.

Íbúðir skólastjóra, kennara, nemenda og starfsfólks teljast til skólahúsnæðis og byggingarkostnaður þeirra til stofnkostnaðar. Bújörð ásamt nauðsynlegum húsum til búskapar telst til stofnkostnaðar, ef bú er rekið í sambandi við skólann.

Skólar þessir eru sjálfseignarstofnanir eða eign hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélaga.

#### 8. gr.

Fastir kennarar við húsmæðraskóla eru embættismenn ríkisins og taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum. Ríkissjóður greiðir einnig styrk til stundakennslu samkv. 10. gr. Annar rekstrarkostnaður greiðist úr skólasjóði. Tekjur skólasjóðs eru: húsaleiga, tekjur af eignum skólans og tekjur af ýmiss konar starfrækslu, sem rekin er í því skyni að afla skólanum tekna. Að svo miklu leyti, sem þessar tekjur hrökkva ekki fyrir gjöldum skólasjóðs, greiða hlutaðeigandi sveitarfélög sjóðnum helming þess, sem á vantar, eftir sömu reglum og stofnkostnaður er greiddur, en ríkissjóður greiðir hinn helminginn.

#### 9. gr.

Tölu fastra kennara í heimavistarskólum ber að miða við það, að 12—16 nemendur hið minnsta komi á hvern kennara, en 16—20 í heimangönguskólum.

Ríkissjóður greiðir styrk til stundakennslu hlutfallslega fyrir þá nemendur, sem umfram eru þá tölu, sem ætluð er föstum kennurum.

#### 10. gr.

Kennsla er veitt ókeypis, en nemendur greiða húsaleigu, sem ákveðin skal af fræðslumálastjórn í samráði við skólastjóra og skólanefnd.

#### 11. gr.

Skólanefndir og skólastjórar annast fjárreiður og reikningshald skólanna. Sveitarfélög greiða framlög sín til skólans samkvæmt fjárhagsáætlun í byrjun hvers skólaárs eða með hlutfallslegri upphæð í byrjun hvers mánaðar þann tíma, er skólinn starfar. Ef fleiri en eitt sveitarfélag á að greiða kostnað af sama skóla, skal skólanefnd jafna honum á sveitarfélögin samkvæmt 8. gr. Ef úgreiningur verður út af skiptingu kostnaðar eða greiðslu, sker fræðslumálastjórn úr. Vangreidd gjöld sveitarfélaga innheimtir hlutaðeigandi sýslumaður eða bæjarfógeti.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga eða sýslufélaga, og sendir skulu þeir fræðslumálastofunni.

### III. KAFLI

#### Kennarar.

#### 12. gr.

Til þess að verða settur kennari við húsmæðraskóla þarf kennarapróf í hústjórn eða handavinnu, en til skipunar auk þess tveggja ára húsmæðrakennslu og meðmæli skólastjóra. Skólastjóri skal þó hafa kennt 3 ár hið minnsta.

Heimilt er þó við gildistöku þessara laga að setja eða skipa skólastjóra og kennara þá, sem kennt hafa 2 ár hið minnsta í húsmæðraskóla með góðum árangri, enda þótt þeir fullnægi ekki framangreindum skilyrðum.

Nú sækir enginn, sem fullnægir þessum skilyrðum, um lausa skólastjóra- eða kennarastöðu, skal þá fræðslumálastjórn og skólanefnd leitast við að fá kennara, er hún treystir, og má að þremur árum liðnum skipa hann í stöðuna, ef hún telur hann starfinu vaxinn, enda komi meðmæli skólanefndar til.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þeirra, er skipa fastar stöður við húsmæðraskóla, þegar lög þessi koma til framkvæmda.

#### 13. gr.

Skýlt er kennara að kenna allt að 36 kennslustundir á viku, en fækka má kennslustundum hans niður í 30, er hann verður 55 ára, og í 24, er hann verður 60 ára. Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Kennsluskylda skólastjóra skal ákveðin í reglugerð.

#### 14. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár við þá skóla, er í lögum þessum greinir, og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann þá senda fræðslumálastjórn beiðni um orlof, ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef fræðslumálastjórn telur þá greinargerð fullnægjandi, á hann rétt á árs orlofi með fullum launum og síðan tíunda hvert ár á sama hátt og með sömu skilyrðum. Beiðni um orlof skal send fræðslumálastjórn með árs fyrirvara. Fræðslumálastjórn veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa henni skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár.

Fræðslumálastjórn setur nánari reglur um framkvæmd orlofsins. Skal þess gætt, að það trufla ekki störf skólanna eða torveldi þau.

### IV. KAFLI

#### Nemendur.

#### 15. gr.

Þessi eru inntökuskilyrði í húsmæðraskóla:

- a. að nemandi sé fullra 17 ára fyrir næstu áramót
- b. sé óspilltur að siðferði;
- c. hafi engan næman sjúkdóm;
- d. hafi lokið skyldunámi.

### V. KAFLI

#### Um kennsluna.

#### 16. gr.

Þessar greinar skulu kenndar í húsmæðraskólum:

- A. Verklegar greinar: Matreiðsla, ræsting og þvottur, fatasaumur og handavinna, garðrækt, hirðing húsdýra og búsafurða, meðferð ungbarna.
- B. Bóklegar greinar: Íslenska, kristin fræði, uppeldisfræði og sálarfræði barna, mannelisfræði, efnis- og áhaldafraði, búreikningur, heilsufræði og þjóðfélagsfræði.

Heimilt er stjórnnum skólanna að fjölga og fækka kennslugreinum að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar. Þá er og heimilt í húsmæðraskólum í kaupstöðum að sleppa hirðingu húsdýra og búsafurða, sé eigi annars kostur.

Nánari ákvæði um námsefni og próf skulu sett í reglugerð.

## VI. KAFLI

### Námsskeið.

#### 17. gr.

Heimilt er með samþykki fræðslumálastjórnar að hafa sérstæða vefnaðardeild við húsmæðraskóla. Námstími þar skal vera 4 mánuðir hið minnsta. Námsskeið í öðrum verklegum greinum, er standa eigi skemur en 3 vikur, skulu styrkt á sama hátt og önnur kennsla í skólunum. Nánari ákvæði skulu sett í reglugerð.

## VII. KAFLI

### Stjórn skólanna.

#### 18. gr.

Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirstjórn húsmæðrafræðslunnar. Heimilt er að ráða einn námsstjóra til leiðbeiningar og eftirlits með skólunum.

#### 19. gr.

Skólastjóri og kennarafundur stýra starfi hvers skóla.

Fræðslumálastjórn setur skólastjórum erindisbréf og reglur um starfssvið kennarafundar.

## VIII. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

#### 20. gr.

Skólanefnd getur með samþykki fræðslumálastjórnar ákveðið, að bú skuli rekið í sambandi við húsmæðraskóla. Skal búið rekið sem sjálfseignarstofnun með hagsmuni skólans fyrir augum. Bústjóri skal ráðinn af skólanefnd í samráði við skólastjóra.

#### 21. gr.

Ákvæði um leyfi, reglu, aga og fleira, er skólann varðar, skal setja í reglugerð, er fræðslumálastjórn staðfestir.

#### 22. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 60 11. júní 1938, um húsmæðrafræðslu í sveitum, og lög nr. 65 27. júní 1941, um húsmæðrafræðslu í kaupstöðum, svo og önnur ákvæði, sem koma í bág við þau.

b. 2. mgr. sömu lagagreinir orðist svo:

Að fengnum meðmælum stéttarfélags verkfræðinga hér á landi má þó veita mönnum, sem stundað höfðu verkfræðistörf fyrir 13. júní 1937, leyfi til að kalla sig verkfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem ræðir um í 1. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

Í stað orðanna „stéttarfélag húsameistara hér á landi“ í fyrstu málsgrein 4. gr. laganna komi: Háskóli Íslands.

4. gr.

Í stað orðanna „stéttarfélagi iðnfræðinga þeirrar greinar“ o. s. frv. til enda fyrri málsgreinar 6. gr. laganna komi: Háskóla Íslands.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## **Nd. 551. Nefndarálit**

um frv. til l. um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft málið til athugunar og rætt um það við vitamálastjóra og samgöngumálaráðherra. Hún hefur einnig athugað sérstaklega þær breytingar, sem hv. Ed. hefur gert á frv.

Nefndin er samþykkt því, að frv. nái fram að ganga, en telur þó, að gera verði á því nokkrar breytingar. Þannig álitur nefndin, að réttmætt sé að bæta nokkrum stöðum við í lendingarbótaflokkinn, og er það í samræmi við tillögur og óskir frá einstökum þingmönnum.

Þá telur nefndin, að breytingar þær, er hv. Ed. hefur gert á 9. gr. frv., séu mjög vafasamar og sumpart á þá lund, að óhjákvæmilegt sé að breyta greininni á ný. Á þetta sérstaklega við þau ákvæði greinarinnar, sem takmarka rétt hafnar- og lendingarstjórna til þess að leggja gjöld á einstaklingsmannvirki í höfnunum.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

### **BREYTINGUM.**

1. Við 2. gr. A. Liður 10 (Elliðaárvogur) falli niður.
2. Við 2. gr. B. Í greinina bætist nýir liðir sem hér segir:  
Hafnarnes,  
Alviðruvör,  
Brekka í Mjóafirði,  
Frambúðir á Snæfellsnesi,  
Haukadalur í Dýrafirði,  
Haganesvík,  
Hvalneskrókur við Eystrahorn,  
Hagi á Barðaströnd.
3. Við 9. gr.
  - a. Á eftir 1. málslíð greinarinnar komi nýr málslíður, svo hljóðandi: Enn fremur gjöld fyrir afnot annarra tækja hafnarinnar, sbr. 1. gr.
  - b. Síðari hluti 3. málsg. frá orðunum „ef þau standa á lóðum“ . . . . o. s. frv., falli niður.
  - c. Fjórfra málsg. greinarinnar falli niður.



Af öllum héruðum landsins er Austfirðingafjórðungur einna verst á vegi staddur um lax- og göngusilungsveiði, og þó eru að mörgu leyti góð skilyrði til að framfleyta þar nyljafiskum. Að visu hefur verið nokkur laxveiði í Vopnafjarðar-ánunum og er enn. Í Lagarfljóti var fyrr meir nokkur laxveiði fyrir neðan foss, en sú veiði hefur lítil verið síðan um aldamót og er nú engin. Í Jökulsá hefur lítillega gengið bæði lax og göngusilungur, eins og nafnið á Laxá hjá Fossvöllum bendir til, enda veiðist þar enn þá einn—tveir laxar eða svo á ári.

Tvær eru meginástæður þess að hið mikla vatnahverfi Lagarfljóts er svo að segja fiskilaust, og þær eru: Selurinn við ósa þess og Lagarfossinn.

Árið 1925 ferðaðist austurrískur vatnafiskfræðingur, dr. Reinsch, um vatnahverfi Lagarfljóts. Leizt honum mjög vel á öll fiskiræktunarskilyrði þar og lagði til, að gerður væri fiskvegur í Lagarfoss. Eftir hans ráðum og teikningum var svo gerður fiskvegur í fossinn 1932.

Nokkru síðar stofnuðu Héraðsbúar með sér fiskræktunarfélag í þeim tilgangi að fylgja eftir byrjunarverkinu, sem hér var fiskvegurinn, svo sem að flytja laxseiði og gera annað það, er til framdráttar mætti verða fiskræktun í vatnahverfi Lagarfljóts. En hér komu miklir erfiðleikar fljótlega í ljós. Laxaseiðin var ekki annars staðar að fá en í klakstöðinni við Elliðaár hjá Reykjavík. Flutningur laxaseiða alla þessa leið er fyrst og fremst ákaflega dýr og svo hættulegur lífi seiðanna, að telja má frágangssök öðruvísi en í flugvél. Félagið gerði þó nokkrar tilraunir með flutning seiða þessa leið, en ýmist fórust þau flest eða þau lómuðust svo, að við lillum árangri var að búast.

Þó var önnur hindrun og ekki betri á vegi fiskræktunarstarfsemi félagsins, en það var selurinn við ósa Lagarfljóts og Jökulsár. Slík ógrynni af sel eru hvergi við árósa hér á landi. Til þess að ráðast á hann, skorti félagið bæði fé og heimild. En að klegja út laxi í kjaftinum á selnum er vægast sagt óþarfa fyrirhöfn.

Í þriðja lagi var svo fiskvegurinn upp yfir fossinum ekki góður. Að visu er hann gengur fiskum, þegar vatn í fljótinu er meðallag og þar fyrir neðan, en hann er ekki fær fiski, þegar vatn er mikið í því. Þá er enn nokkur hætta á, að fiskurinn finni ekki veginn. En það er hið þýðingarmesta atriði við fiskvegagerð að finna þann stað neðan við fossinn, sem gera á fiskgengan, er mest af fiskinum muni safnast að; þar á fiskvegurinn að byrja.

Nú hefur Fiskiræktarfélagi Fljótsdalshéraðs horizt tilboð um ræktun vatna í Austfirðingafjórðungi frá nokkrum áhugasömum laxveiðamönnum í Reykjavík. Samkvæmt því tilboði bjóða þeir að gera stórfellda tilraun um fiskirækt á umræddu svæði. Áhugamenn þeir, er tilboðið gera, eru: Sigbjörn Ármann kaupmaður, Friðrik Þorsteinsson húsgagnasmíðameistari, Marteinn Einarsson kaupmaður, Kristján Sólmundsson stangaviðgerðarmaður, Guðmundur Einarsson frá Miðdal, Ósvaldur Knudsen málarameisteri. Drög að fyrirætlunum þeirra og áætlunum eru prentuð hér á eftir sem fylgiskjal.

Aðalfundur Fiskiræktarfélags Fljótsdalshéraðs, sem haldinn var að Egilsstöðum á Völlum hinn 10. nóv. s. l., samþykkti að taka samningstilboði þessara manna, ef frá ríkinu fengjust fjárframlög og önnur aðstoð, er gerði félaginu kleift að standa við samninginn. Hefur fiskiræktarfélagið snúið sér til alþingismanna af Austurlandi og heitið á þá að beita sér fyrir lagasetningu, er að þessu miðaði.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Þar er mælt svo fyrir, að ríkissjóður leggi fram 30 þúsund kr. á ári í næstu 10 ár, er varið verði til fiskiræktar á Austurlandi. Er ráðherra ætlað að gefa með reglugerð nánari fyrirmæli til tryggingar því, að fé þessu verði varið svo sem gert er ráð fyrir í greininni. Fljótt á lítið kann það að sýnast ásælni við ríkissjóðinn, að íbúum heima er ekki ætlað að leggja fram fé á móti framlagi ríkisins. Tvennu er



1. Á þessu svæði er engin teljandi veiði nú, og eigendur ána hafa þeirra engar nýttjar í næstu 15 ár. Þarna er ekki verið að auka við veiði, sem fyrir er og gefur sérstakar tekjur. Þarna á að gerast nýsköpun, — skapa mikla veiði þar, sem engin veiði var áður.
2. Laxveiðimennirnir gera ráð fyrir því í áætlun sinni, að eftir 15 ár, þá er samningstími þeirra er á enda, hafi þeir tapað á samningnum 134500 kr., án þess að telja þar með vaxtatap. Þó telja kunnáttumenn, að útgjöldin séu lágt áætluð. Þarna er því veruleg upphæð á móti framlagi ríkisins. Gæti jafnvel svo farið, að þetta framlag yrði meira en gert er ráð fyrir.

Verði tapið hins vegar minna, stafar það varla af öðru en því, að tekjur af veiði í ánum síðustu árin verði meiri en veiðimennirnir áætla. Væri það hin ákjósanlegasta niðurstaða. Bezt væri því, að þeir græddu á samningnum. Því meiri og betri sem veiðin verður, þá er samningstíminn er á enda, því meira fæst fyrir framlag ríkissjóðsins, því öruggari verða umbæturnar á högum þeirra, er sérstaklega eiga að njóta veiðinnar, þá er fram líða stundir, og á þann hátt verður endurgreiðslan til ríkissjóðs vissust. Þá gerist það, sem þó er talið sjaldgæft, að þeir sem viðskipti eiga saman, græða allir.

#### Um 2. gr.

Undirstaðan undir fyrirhugaðar fiskiræktarframkvæmdir í Austfirðingafjórðungi er fyrst og fremst klak í stórum stíl. En til þess að það geti orðið, verða þeir, er framkvæma verkið, að hafa óbrigðul umráð yfir á eða ám, sem í er það mikill lax, að nægir til klakfiskveiði, án þess að gengið sé á stofn. Í þessu skyni er fyrirhugað að taka Vopnafjarðarárnar leigunámi, með því sjálfsagða ákvæði, að fiskstofn þeirra fari jafnt og stöðugt vaxandi. Þessar ár eru þær einu, sem liggja það nærri vatnahverfi Lagarfljóts og Austfjarðaáanna, að hægt er að flytja laxaseiði þaðan á bilum. Allmargir veiðieigendur í Vopnafirði hafa tekið vel í málaleitun þessa, leigunámi viðkomandi. Enda eiga þeir ekki að híða neitt fjárhagstjón við það, og ánum á að skila fullum af fiski eftir 15 ár.

#### Um 3. gr.

Um eyðingu selsins þarf ekki margt að segja. Laxrækt og selveiði geta ekki þrífzt saman, fremur en lömb og refir í sömu girðingu.

Til frekari skýringa eru prentuð hér á eftir sem fylgiskjöl:

- I. Afrit af bréfi fiskiræktarráðunautar til veiðimálanefndar.
- II. Meginskilyrði í sambandi við fiskiræktaráform í Héraði og í Vopnafirði, svo og lausleg áætlun um tekjur og gjöld þeirrar starfsemi.
- III. Skýrsla um lax- og silungsveiði í Vopnafjarðaránum árin 1929—1942.
- IV. Upplýsingar um selveiði í Vopnafjarðar- og Tunguhreppi í Norður-Múlasýslu árin 1924—1944.

#### Fylgiskjal I.

##### Afrit af bréfi fiskiræktarráðunautar.

Með símtali 2. júlí ákvað búnaðarmálastjóri eftir ósk veiðimálanefndar, að ég skyldi fara austur að Egilsstöðum og vera þar á fundi með stjórn fiskræktar- og veiðifélags Fljótsdalshéraðs ásamt félagi nokkurra laxveiðimanna úr Reykjavík. Fór ég því af stað daginn eftir. Hugmynd þessara aðila er, að félag laxveiðimanna geri stórfellda tilraun, er standi 15 ár, með ræktun fiskjar í vatnahverfi Lagarfljóts. Er þetta umfangsmikið verk, er byggist fyrst og fremst á flutningi laxaseiða í vatnahverfi í stórum stíl svo og eyðingu selsins og fiskvegagerð. Er þetta allt allglögglega útfært og áætlað.

Að loknum fundi á Egilsstöðum varð það að ráði, að ég færi til Vopnafjarðar í þeim erindum að tala við bændur þar um leigu á ánum (því í þeim er nokkur lax-

reytingur), með það fyrir augum að hafa þær til stofnfiskiveiða og reisa þar klakhús fyrir allt að 2 millj. hrogna.

8. júlí fór ég til Vopnafjarðar og ferðaðist milli stærstu veiðieigenda og áhrifamanna til að leita hófanna um leigu á ánum í áður umtöluðum tilgangi.

Vopnafjarðarárnar 3, Hofsa, Vesturdalsá og Selá, eru allar með nokkrum laxreytingi, en fiskræktar- og veiðifélag hefur enn ekki tekizt að stofna þar.

Undirtektir veiðieigenda voru mjög góðar og skilningur á þeirri þýðingu, sem slík stórfelld fiskræktartilraun gæti haft fyrir Austfirðingafjórðung. En þar sem enginn félagsskapur er við árnar, og þeir töldu fremur litlar líkur fyrir, að hægt mundi að svo stöddu að koma slíkum félagsskap á, þá töldu þeir allir, sem ég talaði við, að einum undanskildum, langheppilegast og einfaldast, að árnar yrðu teknar leigunámi með lögum, og væri langt frá að slíkt væri móðgun við þá, heldur samkvæmt ósk þeirra og vilja.

Ef eitthvað skyldi verða af framkvæmdum í þessum efnum, þá athugaði ég í þessari ferð stað fyrir stórt klakhús, þar sem svo hagaði til, að hægt væri að hafa bæði lind og lækjarvatn í húsinu eftir vild. Þessi staður er skammt fyrir utan Ljótsstaði við Vesturdalsána, enda er hún bezta klakáin af Vopnafjarðaránum.

Ég tel að ýmsu leyti vel farið, að félag þessara laxveiðimanna hefjist handa um ræktun þessa mikla vatnahverfis. Það hefur dregizt í síðastliðin 10—12 ár að gera slíka stórfellda tilraun og hætt við, að það dragist nokkuð enn, ef ekki nýtur við hins vakandi áhuga veiðimanna.

Hellulandi, 15. júlí 1945.

Ólafur Sigurðsson.

Til veiðimálanefndar, c/o Búnaðarfélag Íslands, Reykjavík.

## Fylgiskjal II.

### **Meginskilyrði í sambandi við fiskiræktunaráform á Héraði og í Vopnafirði.**

1. Þegar á næsta sumri fari fram ýtarleg rannsókn á þverám Lagarfljóts á því, er máli skiptir með tilliti til uppeldisskilyrða seiða, sem í þessar ár yrðu sett.
2. Fullur umráðaréttur til ræktunar og veiði í fimmtán ár yfir Lagarfljóti og þverám þess, svo og Vopnafjarðaránum, Hofsa, Vesturdalsá og Selá, ásamt þeim ám, er í þær renna. -- Afhentar okkur að kostnaðarlausu.
3. Réttur til mannvirkja (klakhúsa) og annarra framkvæmda í sambandi við ræktunarstarfið á landsvæðum, er þessum vatnasvæðum fylgja, eftir því sem nauðsyn krefur.
4. Ríki og sýsla (annaðhvort eða bæði) leggi fram árlega í tíu ár kr. 30000.00 til framdráttar þessu máli, og enn fremur hlutist til um og beri kostnað af útrýmingu á selum við ósa Lagarfljóts og jökulsár ásamt ósum Vopnafjarðaránum. Mest áherzla sé lögð á fyrstu sex árin um útrýmingu á selnum.
5. Þótt ekki sé sett sem skilyrði, teljum við æskilegt til öryggis þessu málefni, ef fært þætti með nútíma tækni að breyta útrennsli Lagarfljóts þannig, að það félli í sinn gamla farveg að nýju.

Sé framangreindum skilyrðum fullnægt, tökumst við á hendur að framkvæma og bera kostnað af:

1. Gera nýjan fiskveg í Lagarfoss.  
Gera fiskveg í Grímsárfoss.  
Gera fiskveg í Selárfoss.  
Lagfæra þar, sem þess gerist þörf, smærri fyrirstöður í þverám Lagarfljóts.

2. Leggja til 1500000 laxaseiði á ári í fimmtán ár:
  - a. Með því að byggja klakhús við Vesturdalsá í Vopnafirði ( og ef til vill víð- ar), sem rúmi að minnsta kosti framangreindan fjölda seiða, og kletja út, er fært þykir, því magni, er húsið eða húsin rúma.
  - b. Með því að afla laxaseiða á annan hátt.
3. Enn fremur allan kostnað, er af starfi þessu leiðir, svo sem vörzlu, flutning laxa og seiða o. s. frv.
4. Að loknu framangreindu tímabili gangi klakhús og önnur verðmæti í sambandi við það til vatnasvæðanna.

**Lausleg kostnaðaráætlun.**

1000000 seiði árlega á 20 kr. þús. = kr. 20000.00 á ári. — Í 15 ár ....	kr. 300000.00
500000 seiði árlega á 10 kr. þús. = kr. 5000.00 á ári. — Í 15 ár ....	— 75000.00
Fiskvegir og aðrar umbætur .....	— 60000.00
Flutningur á seiðum .....	kr. 2000.00
Varzla .....	— 6500.00
Umsjón, ferðalög o. fl. ....	— 3000.00

Kr. 11500 árlega. — Í 15 ár — 172000.00

Kostnaður samtals kr. 607500.00

Árlegar tekjur af Vopnafjarðaranum fyrstu 6 árin kr. 2500.00. — Í 6 ár	kr. 15000.00
— — — — — seinni 9 árin kr. 12000.00. Í 9 ár	— 108000.00
— — — — — þverám Lagarfljóts síðustu 5 árin kr. 10000.00. Í 5 ár	— 50000.00
Ríkis- og héraðsframlag í 10 ár, kr. 30000.00 á ári .....	— 300000.00

Tekjur samtals kr. 473000.00

Mismunur — 134500.00

Kr. 607500.00

Á 6 menn á ári tæpar .....

Á hvern mann á ári tæpar .....

**Fylgiskjal III.**

**Skýrsla um lax- og silungsveiði í Selá, Vesturdalsá og Hofsa í Vopnafjarðarhreppi árin 1929—1942, samkvæmt hreppaskilabók.**

Ár	L A X A R			Lax í ánum samtals	S I L U N G A R		
	Selá	Vesturdalsá	Hofsa		Selá	Vesturdalsá	Hofsa
1929	20	158	74	252	0	1580	1450
1930	25	165	66	256	0	1600	1200
1931	6	65	21	92	200	500	530
1932	10	90	18	118	300	1040	670
1933	11	56	4	71	170	440	100
1934	14	92	0	106	110	440	0
1935	18	222	16	256	110	260	30
1936	104	257	0	361	0	385	0
1937	210	186	100	576	80	165	290
1938	0	170	108	278	0	0	160
1939	100	164	129	393	0	920	120
1940	45	22	113	180	0	220	370
1941	0	26	90	116	0	480	180
1942	0	48	50	98	0	280	90
Samtals	563	1721	789	3073	970	8310	5190